

Nr. 060 / 10 Maggi Þór GK 515**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 5420
Smíðaður: Borgarfjörður eystri 1972, fura og eik
Stærð: 3,01 brl. 4,52 bt.
Mesta lengd: 8,10 m Skráð lengd: 7,80 m
Breidd: 2,40 m Dýpt: 0,90 m
Vél: SABB 14,56 kW, 1973
Fjöldi skipverja: 2



Maggi Þór©Kvótamarkaðurinn

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. maí 2010 var Maggi Þór GK 515 á strandveiðum í Faxaflóa. Veður: NNA 9-13 m/s.

Vegna bilunar var óskað eftir aðstoð og dró Jón Trausti RE 329 bátinn til Keflavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að smurolían hafði lekið af vélinni. Skipt hafði verið um hráolúdælu á sveifarásnum af fyrri eiganda og sett rafmagnsdæla. Tvistur hafði verið settur í gatið þar sem gamla dælan hafði verið og lak olían af vélinni;
- að nýir eigendur höfðu ekki tekið eftir þessum frágangi en þeir höfðu aðeins prufukeyrt bátinn þegar vélin stöðvaðist;
- að akkeri var um borð og enginn hætta á ferðum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur nýja bátaeigendur til að yfirfara allan vélbúnað vel áður en lagt er úr höfn.